

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. mars 2024 í máli nr. 95/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 4. september 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X, f.h. Z, („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að handklæðaofn sem keyptur var af varnaraðila hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst endurgreiðslu að fjárhæð 35.200 krónur auk dráttarvaxta.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 11. september 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekuð með ábyrgðarbréfi, dags. 10. nóvember 2023 sem mótttekið var degi síðar. Andsvör bárust ekki.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á kaupum, tilkynning um tollafgreiðslu, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og umboð.

Með bréfi, dags. 1. mars 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls festi sóknaraðili kaup á tveimur handklæðaofnum í vefverslun varnaraðila þann 9. maí 2023 og greiddi fyrir þá 70.400 krónur. Voru hinir keyptu ofnar afhentir sóknaraðila í lok maímánaðar 2023. Sóknaraðili upplýsti varnaraðila í tölvupósti, dags. 8. júní 2023, að annar ofnanna hefði borist henni beyglaður auk þess sem hann lak. Óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili myndi afhenda henni nýjan handklæðaofn. Að sögn sóknaraðila hafi aðilar rætt saman símleiðis í kjölfarið og hafi varnaraðili lofað henni nýjum ofni. Ekkert hafi orðið af því og kveðst sóknaraðili hafa ítrekað reynt að ná sambandi við varnaraðila vegna málsins, bæði símleiðis og í gegnum tölvupóst, en án árangurs. Krefst sóknaraðili því endurgreiðslu kaupverðs auk dráttarvaxta.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að

söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. gr. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

Í X. kafla nkpl. er fjallað um sameiginlegar reglur um riftun og nýja afhendingu. Í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur fram að þegar kaupum er rift falla niður skyldur aðila til að efna þau. Þá segir m.a. í 2. mgr. sama ákvæðis að „[h]afi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttakið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur móttakið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við.“

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti tvo handklæðaofna af varnaraðila 9. maí 2023 fyrir 70.400 krónur. Nokkrum dögum eftir afhendingu ofnanna tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um að annar þeirra hafi verið afhentur henni beyglaður sem og að hann læki. Að sögn sóknaraðila bauðst varnaraðili til að afhenda sóknaraðila nýjan ofn en ekki hafi orðið af nýrri afhendingu þrátt fyrir ítrekaðar óskir sóknaraðila þess efnis.

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili upplýsti varnaraðila um ætlaðan galla á ofninum 8. júní 2023 eða um viku eftir afhendingu hans, sbr. 7. gr. nkpl. Hvílið því á varnaraðila að sýna fram á ofninn hafi ekki verið gillaður við afhendingu. Varnaraðili hefur hins vegar kosið að láta mál þetta ekki til sín taka og byggir því niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram fyrir nefndina. Hefur sóknaraðili lagt fram ljósmyndir af handklæðaofninum og styðja þær að efsti hluti ofnsins er aflagaður. Þá ber sóknaraðili því jafnframt við að ofninn leki. Verður því lagt til grundvallar að handklæðaofninn hafi verið haldinn galla við afhendingu, sbr. b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Sóknaraðili vísar til þess í kvörtun að varnaraðili hafi boðist til að afhenda honum nýjan ofn í stað þess gallaða. Fram hefur komið að enn hafi ekki orðið af þeirri afhendingu til sóknaraðila. Liggur því fyrir að mati kærunevndarinnar að ný afhending hafi ekki farið fram í samræmi við 1. mgr. 30. gr. nkpl. Er sóknaraðila því fært að bera fyrir sig önnur vanefndaúrræði gagnvart varnaraðila.

Líta verður á kröfu sóknaraðila fyrir kærunevndinni um endurgreiðslu sem nemur virði handklæðaofnsins sem yfirlýsingu um riftun kaupanna í skilningi 32. gr. nkpl. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru þau að ný afhending hafi ekki farið fram og að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til samnings aðila, atvika við kaupin og áhrif gallans á hagsmuni neytanda. Eins og mál þetta er vaxið telur kærunevndin að galli handklæðaofnsins sé ekki óverulegur enda er ofninn bæði beyglaður og lekur og er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð ofnsins samkvæmt

2. mgr. 49. gr. nkpl. gegn afhendingu hans í samræmi við almennar reglur kröfuréttarins um gagnkvæm skil við riftun.

Í 2. mgr. 50. gr. nkpl. kemur fram að ef seljandi eigi að endurgreiða kaupverðið beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Þar sem krafa sóknaraðila er um endurgreiðslu, en ekki skaðabætur, ber krafan ekki almenna vexti samkvæmt IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ekki hefur verið samið um gjalddaga kröfunnar og ber því að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Sóknaraðili gerði ekki kröfu um endurgreiðslu fyrr en með kvörtun til kærunefndarinnar 4. september 2023 og reiknast dráttarvextir frá 4. október sama ár, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

VI

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, Z, 35.200 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. október 2023 til greiðsludags, gegn skilum á handklæðaofninum.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson